

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/611

2017/EES/48/01

frá 15. apríl 2016

um tilvísunarskjal um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, vísbenda um árangur í umhverfismálum fyrir geira og árangursviðmiðanir fyrir ferðaþjónustugeirann samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS)

(tilkynnt með númeri C(2016) 2137) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 761/2001 og ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB og 2006/193/EB ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 1221/2009 var framkvæmdastjórninni gert skylt að semja geiratengd tilvísunarskjöl fyrir tiltekna atvinnugreinar í samráði við aðildarríkin og aðra hagsmunaaðila. Þessi geiratengdu tilvísunarskjöl eru nauðsynleg til að auðvelda fyrirtækjum/stofnunum að einbeita sér betur að mikilvægustu umhverfisþáttunum í tilteknum geira og gera það kleift að meta, gefa skýrslur um og bæta umhverfisárangur fyrirtækisins/stofnunarinnar. Þau skulu ná yfir bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, umhverfisárangursvísa og, eftir því sem við á, árangursviðmiðanir og flokkunarkerfi til að tilgreina umhverfisárangur í þessum geirum.
- 2) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um „að koma á fót vinnuáætlun með leiðbeinandi skrá yfir geira að því er varðar samþykkt geiratengdra tilvísunarskjala og tilvísunarskjala sem liggja þvert á skiptingu í geira, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) ⁽²⁾“ er sett fram vinnuáætlun og leiðbeinandi skrá yfir geira sem eru í forgangi við samþykkt geiratengdra tilvísunarskjala og tilvísunarskjala sem liggja þvert á skiptingu í geira, þ.m.t. ferðaþjónustugeirinn.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 49. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Geiratengda tilvísunarskjalið um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, geirabundna umhverfisárangursvísa og árangursviðmiðanir fyrir ferðaþjónustugeirann er birt í viðaukanum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 104, 20.4.2016, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 195/2016 frá 23. september 2016 um breytingu á XX viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 358, 8.12.2011, bls. 2.

2. gr.

Fyrirtæki í ferðaþjónustugeiranum, sem eru skráð í umhverfisstjórnunarkerfi ESB skulu taka tillit til þessa geiratengda tilvísunarskjals og skulu því:

- nota viðeigandi þætti geiratengda tilvísunarskjalsins þegar umhverfisstjórnunarkerfið er þróað og innleitt í ljósi umhverfisrýni,
- sýna fram á það í umhverfisyfirlýsingu sinni hvernig viðkomandi geiratengdir umhverfisárangursvísar, bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun og árangursviðmiðanir, sem lýst er í geiratengda tilvísunarskjalinu, hafa verið notuð til að ákvarða ráðstafanir og aðgerðir og hugsanlega til að ákvarða forgangsröð í því skyni að bæta árangurinn í umhverfismálum.

3. gr.

Fyrirtækjum/stofnunum, sem eru skráð í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, er ekki skylt að uppfylla árangursviðmiðanirnar sem eru tilgreindar í geiratengda tilvísunarskjalinu þar eð kerfið byggist á valfrelsi og því er það á valdi fyrirtækjanna/stofnananna sjálfra að meta hvort viðmiðanirnar séu hagkvæmar með tilliti til kostnaðar og ábata.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. apríl 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

EFNISYFIRLIT

1.	Inngangur	4
2.	Gildissvið	7
3.	Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, geirabundnir umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir fyrir ferðaþjónustugeirann.....	10
3.1.	Þverlægir þættir.....	10
3.1.1.	Innleiðing umhverfisstjórnunarkerfis	10
3.1.2.	Stjórnun aðfangakeðju	10
3.2.	Stjórnun ákvörðunarstaðar	11
3.2.1.	Stefnumótandi þróunaráætlanir fyrir ákvörðunarstað.....	11
3.2.2.	Verndun og stjórnun á líffræðilegri fjölbreytni	11
3.2.3.	Innviðir og þjónustuveiting	12
3.3.	Starfsemi ferðaskipuleggjenda og ferðaskrifstofa	12
3.3.1.	Minnkun og mildun umhverfisáhrifa af flutningastarfsemi.....	12
3.3.2.	Stuðlað að umhverfisumbótum hjá veitendum gístaðstöðu	13
3.3.3.	Stuðlað að umbótum á ákvörðunarstöðum	14
3.3.4.	Þróun og kynning á viðeigandi ferðaþjónustupökkum og hvatning til meiri sjálfbærni í ferðaþjónustu	14
3.3.5.	Skilvirk starfsemi í smásölu og á skrifstofum	15
3.4.	Lágörkun vatnsnotkunar í gístaðstöðu	15
3.4.1.	Vöktun, viðhald og kjörnýting vatnskerfa.....	15
3.4.2.	Skilvirkur vatnsbúnaður á gestasvæðum.....	16
3.4.3.	Skilvirkni í daglegum rekstri	16
3.4.4.	Bestun í starfsemi lítilla þvottahúsa	17
3.4.5.	Bestun í starfsemi stórra eða útvistaðra þvottahúsa.....	17
3.4.6.	Bestun í stjórnun sundlauga	18
3.4.7.	Endurvinnsla á regnvatni og endurvinnsla á grávatni.....	18
3.5.	Úrgangur og meðhöndlun skólps í gístaðstöðu	19
3.5.1.	Forvarnir gegn myndun úrgangs	19
3.5.2.	Flokkun úrgangs og sending í endurvinnslu.....	19
3.5.3.	Hreinsun skólps.....	19
3.6.	Lágörkun orkunotkunar í gístaðstöðu	20
3.6.1.	Orkuvöktunar- og orkustjórnunarkerfi	20
3.6.2.	Endurbætt veðurhlíf	20

3.6.3. Kjörnýting hita-, loftræsti- og loftjöfnunarkerfa	21
3.6.4. Skilvirk notkun á varmadælum og jarðvarmahitun/-kælingu	21
3.6.5. Skilvirkur lýsingar- og rafbúnaður	22
3.6.6. Endurnýjanlegir orkugjafir	22
3.7. Veitingahús og hóteleldhús	23
3.7.1. Græn innkaup á matvælum og drykkjarvörum	23
3.7.2. Meðhöndlun lífræns úrgangs	23
3.7.3. Bestun uppþvottar, þrifa og tilreiðslu matvæla	23
3.7.4. Bestun eldunar, loftræstingar og kælingar	24
3.8. Tjaldstæði	24
3.8.1. Umhverfisfræðsla fyrir gesti	24
3.8.2. Umhverfisstjórnun útisvæða	25
3.8.3. Orkunýtni og nýting endurnýjanlegrar orku á tjaldstæðum	25
3.8.4. Vatnsnýtni á tjaldstæðum	26
3.8.5. Lágörkun úrgangs frá tjaldstæðum	26
3.8.6. Náttúrulegar	27
4. Geiratengdir lykulumhverfisárangursvísar sem mælt er með	28

1. INNGANGUR

Þetta skjal er geiratengt tilvísunarskjal sem komið er á skv. 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) ⁽¹⁾. Til að auðvelda skilning á þessu geiratengda tilvísunarskjali er gerð stuttlega grein fyrir lagalegum bakgrunni þess og notkun í innganginum.

Geiratengda tilvísunarskjalið byggist á ítarlegri vísinda- og stefnuskýrslu ⁽²⁾ („skýrslu um bestu starfsvenjur“) frá Stofnuninni um framvirkar tæknirannsóknir (e. *Institute for Prospective Technological Studies* (IPTS)), sem er ein af sjö stofnunum Sameiginlegrar rannsóknarmiðstöðvar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (JRC).

Lagalegur bakgrunnur sem skiptir máli

Umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) fyrir frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana var innleitt 1993 með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1836/93 ⁽³⁾. Eftir það hefur umhverfisstjórnunarkerfi ESB tvívegis verið endurskoðað í veigamiklum atriðum:

— Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 ⁽⁴⁾.

— Reglugerð (EB) nr. 1221/2009.

⁽¹⁾ Stj.íð. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Vísinda- og stefnuskýrslan er aðgengileg öllum á vefsíðu JRC/IPTS með þessu veffangi: <http://susproc.jrc.ec.europa.eu/activities/emas/documents/TourismBEMP.pdf> Ályktanirnar, sem koma fram í þessu geiratengda tilvísunarskjali varðandi bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun og notkunarsvið þeirra sem og tilgreinda, sértæka umhverfisárangursvísa og árangursviðmiðanir, byggjast á niðurstöðum sem eru skjalfestar í vísinda- og stefnuskýrslunni. Þar má finna allar bakgrunnsupplýsingar og tæknilegar upplýsingar.

⁽³⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1836/93 frá 29. júní 1993 um frjálsa aðild iðnfyrirtækja að umhverfismála- og vistúttektarkerfi Bandalagsins (Stj.íð. EB L 168, 10.7.1993, bls. 1).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 frá 19. mars 2001 um að heimila frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (Stj.íð. EB L 114, 24.4.2001, bls. 1).

Mikilvægur, nýr þáttur í seinni endurskoðuninni, sem öðlaðist gildi 11. janúar 2010, er 46. grein um samningu geiratengdra tilvísunarskjala. Geiratengdu tilvísunarskjölin verða að ná yfir bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun (BEMP), umhverfisárangursvísa fyrir tiltekna geira og, eftir því sem við á, árangursviðmiðanir og flokkunarkerfi til að tilgreina árangur.

Hvernig ber að skilja og nota þetta skjal

Umhverfisstjórnunarkerfi ESB er kerfi fyrir frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana sem eru skuldbundin til bæta stöðugt árangur sinn í umhverfismálum. Í þessu geiratengda tilvísunarskjali eru gefnar sérstakar leiðbeiningar fyrir ferðaþjónustugeirann innan ramma þessa kerfis og bent á ýmsa valkosti fyrir umbætur sem og bestu starfsvenjur.

Skjalið var samið af sameiginlegri rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem notaði upplýsingar frá hagsmunaaðilum. Tæknilegur vinnuhópur sérfræðinga og hagsmunaaðila í geiranum, sem stýrt var af Sameiginlegri rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnarinnar, ræddi og samþykkti síðan bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, geirabundna umhverfisárangursvísa og árangursviðmiðanir sem lýst er í þessu skjali; þessar viðmiðanir töldust einkum svara til þess árangurs í umhverfismálum sem þau fyrirtæki/stofnanir í geiranum, sem standa sig best, hafa náð.

Tilgangurinn með geiratengda tilvísunarskjalinu er að aðstoða og styðja öll fyrirtæki/stofnanir, sem hyggjast bæta árangur sinn í umhverfismálum, með því að veita þeim hugmyndir og innblástur sem og hagnýtar og tæknilegar leiðbeiningar.

Þessu geiratengda tilvísunarskjali er fyrst og fremst beint til fyrirtækja/stofnana sem eru þegar skráð í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, í öðru lagi til fyrirtækja/stofnana sem eru að íhuga skráningu í umhverfisstjórnunarkerfið síðar meir og í þriðja lagi til allra fyrirtækja/stofnana sem vilja læra meira um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun í þeim tilgangi að bæta árangur sinn í umhverfismálum. Markmiðið með þessu skjali er þar af leiðandi að auðvelda öllum fyrirtækjum/stofnunum og aðilum í ferðaþjónustugeiranum að einbeita sér að umhverfisþáttum sem skipta máli, bæði beint og óbeint, og afla sér upplýsinga um bestu starfsvenjur og viðeigandi, geirabundna árangursvísa í umhverfismálum í því skyni að mæla árangur sinn í umhverfismálum, og árangursviðmiðanir.

Hvernig fyrirtæki/stofnanir sem skráð eru í umhverfisstjórnunarkerfi ESB skulu taka tillit til geiratengdu tilvísunarskjallanna:

Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009 skulu fyrirtæki/stofnanir, sem skráð eru í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, taka tillit til geiratengdu tilvísunarskjallanna á tveimur mismunandi stigum:

- 1) Við þróun og framkvæmd umhverfisstjórnunarkerfis í ljósi umhverfisrýni (*b-liður 1. liðar 4. gr.*).

Þetta merkir að fyrirtæki/stofnanir skulu nota viðeigandi þætti geiratengda tilvísunarskjalsins þegar þau skilgreina og rýna sértæk umhverfismarkmið sín og markmið í samræmi við viðkomandi umhverfisþætti, sem auðkenndir eru í umhverfisrýni og -stefnu, og einnig þegar þau ákveða hvaða aðgerðir eigi að framkvæma til að bæta umhverfisárangur þeirra.

- 2) Þegar umhverfisfyrirlýsingin er útbúin (*d-liður 1. liðar 4. gr. og 4. liður 4. gr.*).

Þetta merkir að:

- a) Fyrirtæki/stofnanir skulu huga að viðkomandi geirabundnum umhverfisárangursvísu í geiratengdu tilvísunarskjölunum þegar þau velja vísa ⁽¹⁾ sem á að nota í skýrslugjöf um umhverfisárangur.

(1) Samkvæmt IV. viðauka (e-liður B-liðar) reglugerðarinnar um umhverfisstjórnunarkerfi ESB skal umhverfisfyrirlýsingin innihalda „samantekt á fyrirliggjandi gögnum um árangur fyrirtækis/stofnunar í tengslum við almenn og sértæk markmið í umhverfismálum og með tilliti til verulegra umhverfisáhrifa. Skýrslugjöfin skal beinast að kjarnavís bendum og að öðrum fyrirliggjandi vís bendum um árangur í umhverfismálum, sbr. C-lið“. Í C-hluta IV. viðauka kemur fram að „hvert fyrirtæki/stofnun skal einnig gefa skýrslu árlega um árangur sinn sem varðar sértækari umhverfisþætti sem hafa verið tilgreindir í umhverfisfyrirlýsingu fyrirtækisins/stofnunarinnar og, ef hægt er, taka tillit til þeirra geiratengdu tilvísunarskjala sem um getur í 46. gr.“

Þegar safn vísa er valið til skýrslugjafar skulu þau taka tillit til vísanna sem lagðir eru til í samsvarandi geiratengdu tilvísunarskjali og gildi þeirra að því er varðar mikilvæga umhverfisþætti sem fyrirtækið/stofnunin tilgreinir í umhverfisrýnni. Aðeins þarf að taka tillit til vísa ef þeir skipta máli fyrir þá umhverfisþætti sem teljast vera mikilvægastir í umhverfisrýnni.

- b) Fyrirtæki/stofnanir skulu nefna í umhverfisyfirlýsingunni hvernig þau hafa tekið tillit til viðkomandi bestu starfsvenja í umhverfisstjórnun og, ef þær eru til staðar, til árangursviðmiðana.

Þau skulu lýsa því hvernig viðkomandi bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun og árangursviðmiðanir (sem gefa vísbendingu um þann árangur í umhverfismálum sem þeir sem standa sig best hafa náð) voru notaðar til að ákvarða ráðstafanir og aðgerðir og hugsanlega til að ákveða forgangsörð í því skyni að bæta (enn frekar) árangurinn í umhverfismálum. Hinsvegar er það ekki skylda að innleiða bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eða uppfylla tilgreindar árangursviðmiðanir þar eð umhverfisstjórnunarkerfið byggist á valfrelsi og það er því á valdi fyrirtækjanna/stofnananna sjálfra að meta hvort viðmiðanirnar og innleiðing bestu starfsvenja séu hagkvæmar með tilliti til kostnaðar og ábata.

Fyrirtækið/stofnunin skal meta mikilvægi og gildissvið bestu starfsvenja í umhverfisstjórnun og árangursviðmiðana, á svipaðan hátt og umhverfisárangursvísa, í samræmi við mikilvæga umhverfisþætti sem fyrirtækið/stofnunin tilgreinir í umhverfisrýnni ásamt tæknilegum og fjárhagslegum þáttum.

Ekki skal greina frá eða lýsa þeim þáttum geiratengdu tilvísunarskjálanna (vísu, bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun eða árangursviðmiðunum), sem ekki teljast skipta máli fyrir mikilvæga umhverfisþætti sem fyrirtæki/stofnanir tilgreina í umhverfisrýnni, í umhverfisyfirlýsingunni.

Þátttaka í umhverfisstjórnunarkerfi ESB er viðvarandi ferli. Þetta merkir að í hvert sinn sem fyrirtæki/stofnun hyggst bæta árangur sinn í umhverfismálum (og endurskoðar árangur sinn í umhverfismálum) skal fyrirtækið/stofnunin skoða tiltekin þemu í geiratengda tilvísunarskjalinu til að fá hugmyndir um hvaða málefni skuli glímt við næst með þrepaskiptri aðferð.

Umhverfissannprófendur umhverfisstjórnunarkerfis ESB skulu kanna hvort og hvernig fyrirtækið/stofnunin hefur tekið mið af geiratengda tilvísunarskjalinu við gerð umhverfisyfirlýsingar sinnar (d-liður 5. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1221/2009).

Þetta merkir að þegar úttekt er gerð þurfa faggiltir umhverfissannprófendur að fá sönnunargögn frá fyrirtækinu/stofnuninni sem sýna hvernig viðkomandi þættir í geiratengda tilvísunarskjalinu voru valdir og tillit tekið til þeirra í ljósi umhverfisrýnnar. Þeir eiga ekki að kanna samræmi við árangursviðmiðanirnar, sem lýst er, heldur sannprófa sönnunargögnin sem sýna hvernig geiratengda tilvísunarskjalið hefur verið notað til leiðbeiningar við ákvörðun vísa og tilhlýðilegra, valfrjálsra ráðstafana sem fyrirtækið getur hrundið í framkvæmd til að bæta árangur sinn í umhverfismálum.

Í ljósi þess að umhverfisstjórnunarkerfi ESB og geiratengdu tilvísunarskjölin byggja á valfrjálsri þátttöku skal ekki leggja neina óhóflega byrði á fyrirtæki/stofnanir um að veita slík sönnunargögn. Einkum skulu sannprófendur ekki krefjast sérstaks rökstuðnings fyrir hverri bestu starfsvenju, geiratengdum umhverfisárangursvísu og árangursviðmiðunum sem nefnd eru í geiratengda tilvísunarskjalinu og sem fyrirtækið/stofnunin telja að skipti ekki máli í ljósi umhverfisrýnnar. Engu að síður gætu þeir lagt til viðeigandi viðbótarþætti fyrir fyrirtækið/stofnunina til að taka tillit til í framtíðinni sem frekari sannana um skuldbindingu fyrirtækisins/stofnunarinnar til að bæta stöðugt árangur sinn.

Uppbygging geiratengda tilvísunarskjalsins

Þetta skjal er í fjórum köflum. Í 1. kafla er lagalegur bakgrunnur umhverfisstjórnunarkerfis ESB (EMAS) kynntur og því lýst hvernig nota eigi skjalið en í 2. kafla er notkunarsvið geiratengda tilvísunarskjalsins skilgreint. Í 3. kafla er stutt lýsing á mismunandi bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun ásamt upplýsingum um notkunarsvið þeirra, bæði almennt og að því er varðar lítil og meðalstór fyrirtæki. Þegar hægt er að setja fram tiltekna umhverfisárangursvísa og árangursviðmiðanir fyrir tiltekna bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun er það einnig tekið fram. Sumir vísar og viðmiðanir eiga við um fleiri en eina af bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun og eru því endurtekin hvenær sem það á við.


Að lokum er sett fram yfirlitstafla í 4. kafla með völdum umhverfisárangursvísnum sem mestu máli skipta ásamt viðeigandi skýringum og tilheyrandi árangursviðmiðunum.

2. GILDISSVIÐ

Þetta skjal fjallar um ýmsa þá starfsemi sem tilgreind er í bálki I 55-56 „Rekstur gististaða og veitingarekstur“, bálki N 79 „Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókanarþjónusta“ og bálki O 84.11 „Almenn stjórnsýsla og löggjöf“ í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 ⁽¹⁾ (NACE, 2. endursk.).

Þetta geiratengda tilvísunarskjal fjallar fyrst og fremst um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun innan fyrirtækja/stofnana sem veita þjónustu tengda gistingu, matvælum og drykkjarvöru eða sem reka ákvörðunarstaði í ferðaðjónustu eða bjóða og taka frá ferðir, gistiaðstöðu eða afþreyingu tengda ferðamennsku (ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur) ⁽²⁾. Fyrirtækjum sem bjóða gistiþjónustu fyrir ferðamenn og tjaldstæði er einnig boðið að kynna sér viðeigandi ákvæði umhverfismerkis ESB ⁽³⁾. Stjórnendur ákvörðunarstaða geta einnig vísað til annarra framtaksverkefna ESB sem stuðla að stjórnun sjálfbærrar ferðaðjónustu eins og t.d. evrópska kerfið fyrir ferðaðjónustuvísa (e. *European Tourism Indicators System (ETIS)*) ⁽⁴⁾.

Aðilarnir sem nefndir eru hér á undan tengjast fjölda annarra geira eins og sýnt er á skýringarmynd fyrir virðiskenndu ferðaðjónustu hér á eftir. Með tilliti til ferðaðjónustu sem vöru er afþreying, sem ferðamaður tekur þátt í meðan hann er í orlofi, einnig mikilvægur hluti af virðiskenndu ferðaðjónustunnar og varðar hugsanlega umhverfismál. Hins vegar er aðeins vísað til hennar í þessu geiratengda tilvísunarskjali að því marki sem stjórnendur ákvörðunarstaða og ferðaskipuleggjendur geta haft áhrif á hana.



Yfirlit yfir virðiskenndu ferðaðjónustugeirans

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 sem og tilteknum EB-reglugerðum um sérstök hagskýrslusvið (Stjtúð. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1.).

⁽²⁾ Þetta skjal snýr ekki beint að skemmtisiglingageiranum. Sumar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun geta þó að vissu marki einnig átt við um skemmtisiglingar.

⁽³⁾ <http://ec.europa.eu/environment/ecolabel/products-groups-and-criteria.html>

⁽⁴⁾ Evrópska kerfið fyrir ferðaðjónustuvísa er safn stjórnunar- og upplýsingaverkfæra sem hannað er til að auðvelda ákvörðunarstöðum að vakta og mæla árangur í sjálfbærri ferðaðjónustu gagnvart eigin markmiðum. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á: http://ec.europa.eu/growth/sectors/tourism/offer/sustainable/indicators/index_en.htm

Helstu umhverfisþættir og tengt umhverfisálag sem hlýst af ferðaþjónustu eru sett fram í töflunni hér á eftir. Þessir umhverfisþættir voru valdir þar eð þeir skipta mestu máli fyrir geirann. Umhverfisþættir, sem einstaka fyrirtæki/stofnanir eiga að stjórna, skulu þó metnir í hverju tilviki fyrir sig.

Starfsemi fyrirtækja/stofnana í ferðaþjónustu (hótel, tjaldstæði, veitingahús og ferðaskipuleggjendur) og tengdir umhverfisþættir og álag

Þjónusta/starfsemi	Helstu umhverfisþættir	Helsta umhverfisálag
Stjórnun	<ul style="list-style-type: none"> — Stjórnun skrifstofu — Móttaka viðskiptavina 	<ul style="list-style-type: none"> — Notkun á orku, vatni og efni (aðallega pappír) — Myndun heimilis- og rekstrarúrgangs (mikið magn af pappír) og hættulegs úrgangs (t.d. prentdufthylki)
Tækniþjónusta	<ul style="list-style-type: none"> — Framleiðsla á heitu vatni og upphitun/kæling rýma — Lýsing — Lyftur — Sundlaugar — Græn svæði — Varnir gegn skaðvöldum og nagdýrum — Viðgerðir og viðhald 	<ul style="list-style-type: none"> — Orku- og vatnsnotkun — Notkun á fjölda hættulegra vara — Í sumum tilvikum notkun á CFC- og HCFC-kælimiðlum (¹) — Losun í andrúmsloft (loftmengunarefni, gróðurhúsalofttegundir) — Myndun á margs konar tegundum úrgangs, sem er hugsanlega hættulegur, s.s. tóm íðefnaflát — Myndun skólps
Veitingahús/krá	<ul style="list-style-type: none"> — Morgunverður, kvöldverður, hádegisverður — Drykkjarvörur og nasl 	<ul style="list-style-type: none"> — Þrýstingur á aðfangakeðju (sjá „Innkaup“) — Notkun á orku, vatni og hráefni — Myndun heimilis- og rekstrarúrgangs (einkum matarúrgangi og umbúðaúrgangi)
Eldhús	<ul style="list-style-type: none"> — Varðveisla matvæla — Tilreiðsla matvæla — Uppþvottur 	<ul style="list-style-type: none"> — Þrýstingur á aðfangakeðju (sjá „Innkaup“) — Umtalsverð notkun á orku og vatni — Myndun heimilis- og rekstrarúrgangs (einkum matarúrgangi og umbúðaúrgangi) — Myndun jurtaolíuúrgangs — Myndun lyktar
Notkun herbergja	<ul style="list-style-type: none"> — Notkun gesta — Vörur til notkunar fyrir gesti — Daglegur rekstur 	<ul style="list-style-type: none"> — Notkun á orku, vatni og hráefnum — Notkun á margs konar hættulegum vörum — Myndun umbúðaúrgangs og lítils magns af heimilis- og rekstrarúrgangi — Myndun skólps
Þvottur	<ul style="list-style-type: none"> — Föt gesta þvegin og straujuð — Handklæði, rúmfatnaður o.s.frv. þvegin og straujuð 	<ul style="list-style-type: none"> — Umtalsverð notkun á orku og vatni — Notkun á hættulegum vörum — Myndun skólps

Þjónusta/starfsemi	Helstu umhverfisþættir	Helsta umhverfisálag
Innkaup	<ul style="list-style-type: none"> — Val á vörum og birgjum — Geymsla á vörum 	<ul style="list-style-type: none"> — Þrýstingur á aðfangakeðju (landnotkun, hnignun eða eyðing vistkerfa, truflun fyrir villtar lífverur, orku- og vatnsnotkun, losun í andrúmsloft — loftmengunarefni og gróðurhúsalofttegundir —, losun í vatn, myndun úrgangs) — Myndun umbúðaúrgangs — Leki hættulegra efna
Afþreying	<ul style="list-style-type: none"> — Afþreying innandryra — Afþreying utandryra 	<ul style="list-style-type: none"> — Notkun á orku, vatni og hráefnum — Staðbundin áhrif á vistkerfi — Hávaði — Myndun heimilis- og rekstrarúrgangs — Þrýstingur á grunnvirki (sjá „Byggingastarfsemi og smíði“)
Flutningar	<ul style="list-style-type: none"> — Flutningar á gestum — Flutningar á starfsmönnum — Flutningar birgja 	<ul style="list-style-type: none"> — Notkun á orku (eldsneyti) — Losun í andrúmsloft — Þrýstingur á grunnvirki (sjá „Byggingastarfsemi og smíði“)
Viðbótarþjónusta	<ul style="list-style-type: none"> — Læknisþjónusta, stórmarkaðir, minjagripaverslanir, heilsulindir og vellíðan, hárgreiðslufólk o.s.frv. 	<ul style="list-style-type: none"> — Notkun á orku, vatni og hráefnum — Myndun á heimilis- og rekstrarúrgangi og nokkrum tilteknum gerðum af hættulegum úrgangi (t.d. úrgangur frá hreinlætisaðstöðu)
Byggingastarfsemi og smíði	<ul style="list-style-type: none"> — Bygging á nýjum svæðum eða þjónustu — Viðgerðir á svæðum eða þjónustu sem til er fyrir 	<ul style="list-style-type: none"> — Landnotkun — Hnignun eða eyðing vistkerfa — Truflun fyrir villtar lífverur — Orku- og vatnsnotkun — Umtalsverð notkun á hráefnum og hættulegum vörum — Umtalsverð myndun úrgangs frá byggingastarfsemi — Myndun hættulegs úrgangs

(¹) CFC og HCFC stendur fyrir klórflúorkolefni og vetnisklórflúorkolefni.

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun, sem settar eru fram í þessu geiratengda tilvísunarskjali, eru flokkaðar sem hér segir:

- Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun til bæta þverlæga þætti í ferðaþjónustugeiranum.
- Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun til að bæta stjórnun ákvörðunarstaðar (¹).
- Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun til að bæta starfsemi ferðaskipuleggjenda og ferðaskrifstofa.
- Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun til að lágmarka vatnsnotkun í gístaðstöðu.

(¹) Stjórnun ákvörðunarstaðar er samþæfing allra viðkomandi opinberra aðila og einkaaðila, yfirleitt af hálfu opinbers aðila með eða án þátttöku einkaaðila, sem miðar að því að styðja þróun ferðaþjónustu á ákvörðunarstað með því að taka stefnumótandi ákvarðanir, framkvæma stefnumótandi aðgerðir, viðhalda og kynna menningarlega og náttúrulega arfleifð og staði, samþæfa viðburði og hátíðir, afla tekna fyrir verkefni tengd ferðaþjónustu, auðvelda samstarf á milli fyrirtækja, tryggja að grunnvirki og þjónusta séu til staðar...

- Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun til að lágmarka myndun úrgangs frá gístaðstöðu.
- Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun til að lágmarka orkunotkun í gístaðstöðu.
- Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun til að bæta veitingahúsa- og hóteleldhús.
- Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun til að bæta tjaldstæði.

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun ná yfir mikilvægustu umhverfisþætti geirans.

3. BESTU STARFSVENJUR Í UMHVERFISSTJÓRNUN, GEIRABUNDNIR UMHVERFISÁRANGURSVÍÐAR OG ÁRANGURSVIÐMIÐANIR FYRIR FERÐAÞJÓNUSTUGEIRANN

3.1. Þverlægir þættir

3.1.1. Innleiðing umhverfisstjórnunarkerfis

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að gera mat á mikilvægustu beinu og óbeinu umhverfisþáttunum sem tengjast fyrirtækinu/stofnuninni og beita viðkomandi árangursvísu og bera þá saman við viðkomandi árangursviðmiðanir.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um alla aðila í ferðaþjónustu, þ.m.t. stjórnendur ákvörðunarstaða, ferðaskipuleggjendur, veitendur gístaðstöðu, veitendur matvæla og drykkjarvara, flutningsaðila og veitendur afþreyingar. Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda einnig að fullu um **lítill fyrirtæki** ⁽¹⁾.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísir	Árangursviðmiðanir
(i1) Innleiðing umhverfisstjórnunarkerfis (já/nei)	<p>(b1) Viðeigandi vísar eru notaðir til að vakta stöðugt alla viðkomandi þætti umhverfiárangurs, þ.m.t. þættir sem ekki eru eins auðmælanlegir og óbeinir þættir s.s. líffræðileg fjölbreytni.</p> <p>(b2) Allt starfsfólk fær upplýsingar um umhverfismarkmið og þjálfun í viðkomandi umhverfisstjórnunaraðgerðum.</p> <p>(b3) Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru innleiddar þar sem við á.</p>

3.1.2. Stjórnun aðfangakeðju

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að skima aðfangakeðjur fyrir vörur og þjónustu sem fyrirtækið/stofnunin notar í því skyni að greina umhverfislega áherslustaði í aðfangakeðjunni, að teknu tilliti til allrar virðisikeðjunnar, og til að greina viðeigandi eftirlitsstaði (t.d. val á vörum, hjásneiðing, græn innkaup, viðmiðanir fyrir birgja) sem hægt er að nota til að lágmarka umhverfisáhrifin í allri virðisikeðjunni.

⁽¹⁾ Lítið fyrirtæki er skilgreint sem fyrirtæki sem hefur færri en 50 starfsmenn og ársvelta og/eða niðurstöðutala efnahagsreiknings fer ekki yfir 10 milljónir evra (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB).

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um alla aðila í ferðapjónustu, þ.m.t. stjórnendur ákvörðunarstaða, ferðaskipuleggjendur, veitendur gístaðstöðu, veitendur matvæla og drykkjarvara, flutningsaðila og veitendur afþreyingar. Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda einnig að fullu um **lítill fyrirtæki**.

Tilheyrandi umhverfisrárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisrárangursvísar	Árangursviðmiðanir
(i2) Hundraðshluti vara og þjónustu sem eru í samræmi við tilteknar umhverfisviðmiðanir (%)	<p>(b4) Fyrirtækið/stofnunin hefur beitt vistferilshugsun til að koma auga á möguleika á úrbótum í öllum helstu birgðakeðjum sem varða umhverfislega áherslustaði.</p> <p>(b5) $\geq 97\%$ íðefna (eftir þyngd virkra innihaldsefna eða innkaupsmagni) sem eru notuð í húsnæði gístaðstöðu og veitingahúsa eru vottuð samkvæmt umhverfismerki af gerð I samkvæmt ISO-staðli ⁽¹⁾ (eða hægt er að sýna fram á að þau séu umhverfisvænasti kosturinn í boði).</p> <p>(b6) $\geq 97\%$ af öllum viði, pappír og pappa sem keypt eru fyrir gístaðstöðu og veitingahús eru endurunin eða með umhverfsvottun (umhverfismerki, FSC, PEFC).</p>

(¹) Alþjóðlegu staðlasamtökin hafa tekið saman undirstaðlaröð (ISO 14020) sem er sértæk fyrir umhverfismerkingar, sem er hluti af umhverfisstaðlaröðinni ISO 14000 og nær yfir þrjár gerðir af merkingarkerfum. Í þessu samhengi er umhverfismerki af „gerð I“ merki sem byggir á mörgum viðmiðunum sem þróað er af þriðja aðila. Dæmi um slíkt á vettvangi ESB er „Umhverfismerki ESB“ eða, á landsvísu eða marghliða vettvangi, „Blaue Engel“, „austurríska umhverfismerkið“ og „Norræna svansmerkið“.

3.2. Stjórnun ákvörðunarstaðar**3.2.1. Stefnumótandi þróunaráætlanir fyrir ákvörðunarstað**

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að koma á fót deild eða fyrirtæki/stofnun sem er ábyrg fyrir stefnumótandi sjálfbærri þróun ákvörðunarstaðarins sem samhfir viðkomandi deildir og hagsmunaaðila til að framkvæma sértækar aðgerðir innan ramma áætlunar fyrir ákvörðunarstaðinn.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um alla ákvörðunarstaði, annað hvort með deildum innan opinberra stofnanna, sem bera ábyrgð á stjórnun ákvörðunarstaða, eða opinberum/einkareknum fyrirtækjum/stofnunum sem sjá um stjórnun ákvörðunarstaða. Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda einnig um litlar opinberar stjórnsýslustofnanir og **lítill fyrirtæki** sem taka þátt í stjórnun ákvörðunarstaðar.

Tilheyrandi umhverfisrárangursvísar og árangursviðmiðun

Umhverfisrárangursvísar	Árangursviðmiðun
(i3) Sjálfbæru skipulagi fyrir ákvörðunarstað komið í framkvæmd (já/nei)	(b7) Skipulagi fyrir ákvörðunarstað komið í framkvæmd sem: i. nær yfir allan ákvörðunarstaðinn, ii. felur í sér samhfingu allra viðkomandi opinberra aðila og einkaaðila, iii. fjallar um lykiláskoranir í tengslum við umhverfismál innan ákvörðunarstaðarins.

3.2.2. Verndun og stjórnun á líffræðilegri fjölbreytni

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að vakta stöðu líffræðilegrar fjölbreytni innan áfangastaðarins og að koma í framkvæmd áætlun um verndun og stjórnun á líffræðilegri fjölbreytni sem verndar og eykur líffræðilega fjölbreytni í heild sinni innan ákvörðunarstaðarins, t.d. með því að þróa takmarkanir og uppþóttarráðstafanir.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um alla ákvörðunarstaði. Ákvörðunarstaðir með mikil náttúruverðmæti skulu varðveita líffræðilega fjölbreytni en ákvörðunarstaðir með lítil náttúruverðmæti skulu gera ráðstafanir til að auka líffræðilega fjölbreytni. Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda einnig um **lítill fyrirtæki** sem taka þátt í stjórnun ákvörðunarstaðar.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðun

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðun
(i4) Stjórnunaráætlun fyrir líffræðilega fjölbreytni komið í framkvæmd (já/nei)	(b8) Lágmarka og bæta upp alla líffræðilega fjölbreytni sem fer úr skorðum vegna þróunar ferðaþjónustu þannig að líffræðilegri fjölbreytni á ákvörðunarstaðnum sé viðhaldið eða hún aukin á svæðum með mikil náttúruverðmæti og aukin á svæðum sem hefur hnignað.
(i5) Þéttleiki tegunda á svæði ákvörðunarstaðarins	
(i6) Verndað svæði (hektarar eða hundradshluti af heildarsvæði ákvörðunarstaðarins)	

3.2.3. Innviðir og þjónustuveiting

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að tryggja að umhverfistengd þjónusta innan ákvörðunarstaðarins, einkum vatnsveita, hreinsun skólps, meðhöndlun úrgangs (einkum endurvinnsluúrræði) og almenningsamgöngur/umferðarstjórnun séu fullnægjandi til að ráða við hámarkseftirspurn á háannatíma í ferðaþjónustu á sjálfbæran hátt.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um alla ákvörðunarstaði. Þær tengjast góðum rekstri í opinberri stjórnsýslu almennt en eiga einkum við þegar ferðaþjónusta skapar mikla viðbótareftirspurn og árstíðabundna eftirspurn eftir þjónustu. Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda einnig um litla, staðbundna opinbera stjórnsýslu og um **lítill fyrirtæki** sem taka þátt í stjórnun ákvörðunarstaðar eða veita umhverfistengda þjónustu sem þörf er á á ákvörðunarstaðnum.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
(i7) Dagleg vatnsnotkun á hvern gest (l/gest-dag)	(b9) Þjónusta, þ.m.t. almenningsamgöngur, vatnsveita, hreinsun skólps og endurvinnsla úrgangs, er hönnuð til að ráða við hámarkseftirspurn og til að tryggja sjálfbærni ferðaþjónustu innan ákvörðunarstaðarins.
(i8) Hundradshluti skólps sem sent er í tveggja eða þriggja þrepa hreinsun (%)	(b10) $\geq 95\%$ af skólpi sem myndast á ákvörðunarstaðnum fær a.m.k. tveggja þrepa hreinsun, eða þriggja þrepa hreinsun fyrir losun í viðkvæmt viðtökuvatn, þ.m.t. á háannatímum í ferðaþjónustu.
(i9) Hundradshluti húsasorps í föstu formi sem sent er í endurvinnslu eða loftfirrða meltun (%)	(b11) $\geq 95\%$ af húsasorpi í föstu formi er beint frá urðunarstöðum og sent í endurvinnslu eða loftfirrða meltun.
(i10) Hundradshluti ferða ferðamanna með almenningsamgöngum, gangandi og hjólandi innan ákvörðunarstaðarins (%)	(b12) Meðalvatnsnotkun ferðamanna ≤ 200 L á hvern gest á dag.
(i11) Hundradshluti endanlegrar orkuþarfar sem uppfyllt er með endurnýjanlegri orku sem framleidd er á staðnum (%)	(b13) Almenningsamgöngur, ganga og hjóleiðar eru $\geq 80\%$ af ferðum ferðamanna innan ákvörðunarstaða í borgum.

3.3. Starfsemi ferðaskipuleggjenda og ferðaskrifstofa

3.3.1. Minnkun og mildun umhverfisáhrifa af flutningastarfsemi

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að innleiða „takmörkun valmöguleika“ (e. *choice editing*) í þökkum sem eru í boði til að forðast óþarfa flugferðir (t.d. flug sem hægt er að skipta á skilvirkan hátt út fyrir flutninga landleiðis eða á sjó og vatnaleiðum), velja mjög orkunýtna flutningsþjónustu (flugrekendur, langferðabifreiðar, ferjur, skip, bátar) og jafna alla losun

gróðurhúsalofttegunda frá flutningum með því að nota vottuð mótvægiskerfi. Að því er varðar þau fyrirtæki sem reka sína eigin flutningastarfsemi eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að koma í framkvæmd ráðstöfunum til að stuðla að orkunýtni í flutningaflotum (eigin eða aðfengnum), þ.m.t. græn innkaup á ökutækjum með hámarks orkunýtni og litla losun mengunarefna, ísetning orkusparandi endurbótarhluta í flugvélar og langferðabifreiðar, s.s. endavænglar, og hámerkun starfsemi (t.d. hámerkun hleðslunýtingu).

Gildissvið

„Takmörkun valmöguleika“ í ferðapökkum og fækkun flugferða gildir um alla ferðaskipuleggjendur og ferðaskrifstofur, þ.m.t. **lítill fyrirtæki**.

Ráðstafanir til að bæta orkunýtni í flutningum og draga úr losun frá þeim út í andrúmsloftið eiga beint við um ferðaskipuleggjendur sem stjórna eigin flutningaflota og gilda sem viðmiðanir við val og samningagerð ferðaskipuleggjenda sem semja um flutningaþjónustu. Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga einnig við, með vissum takmörkunum, um **lítill fyrirtæki** þar eð yfirráð þeirra yfir loftförum eru vanalega frekar takmörkuð en þau geta átt/ráðið yfir eigin flutningum á landi/sjó og vatnaleiðum.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
(i12) Komist hjá óþarfa flugi (já/nei)	(b14) Ferðaskipuleggjendur bjóða ekki flug til: i. ákvörðunarstaða sem eru í minna en 700 km fjarlægð, ii. ákvörðunarstaða sem eru í allt að 2000 km fjarlægð vegna dvalar sem er styttri en átta dagar eða iii. ákvörðunarstaða sem eru í meira en 2000 km fjarlægð vegna dvalar sem er styttri en 14 dagar.
(i13) Sértæk losun gróðurhúsalofttegunda við flutninga (kg CO ₂ /farþega-km)	(b15) Floti flugrekanda ferðaskipuleggjanda nær rauneldsneytisnotkun sem er að meðaltali ≤ 2,7 lítrar á hverja 100 farþegakílómetra.
(i14) Hundraðshluti losunar gróðurhúsalofttegunda frá flutningastarfsemi sem er jöfnuð með vottuðum kolefnisinnæignum (%)	(b16) Meðaleldsneytisnotkun í flota langferðabifreiða er ≤ 0,75 lítrar á hverja 100 farþegakílómetra og a.m.k. 90% flotans uppfylla kröfur samkvæmt EURO V eða eru knúin óhefðbundnu eldsneyti. (b17) Losun gróðurhúsalofttegunda frá flutningastarfsemi í öllum seldum pökkum er sjálfkrafa jöfnuð með því að fjárfesta beint í verkefnum til að forðast losun gróðurhúsalofttegunda eða með kaupum á vottuðum kolefnisinnæignum.

3.3.2. Stuðlað að umhverfisumbótum hjá veitendum gístiaðstöðu

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að gera kröfu um eða hvetja til umhverfsvottunar hjá veitendum gístiaðstöðu eða gera kröfu um að tilteknum umhverfisviðmiðunum sé fylgt eða gera kröfu um skýrslugjöf um umhverfisárangur sem hægt er að nota til að koma setningu viðmiðana í framkvæmd.

Gildissvið

Allir ferðaskipuleggjendur geta notað þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun. Það gæti verið auðveldara fyrir minni ferðaskipuleggjendur að velja birgja á grundvelli umhverfsvottunar þriðja aðila og fyrir stærri ferðaskipuleggjendur að beita eigin viðmiðunum og/eða setningu viðmiðana. Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda fyrir **lítill fyrirtæki** með vissum takmörkunum þar eð það gæti verið erfitt að koma á fót viðmiðunum fyrir birgja en **lítill fyrirtæki** mega nota umhverfsvottanir sem til eru (vottanir sem eru sannprófaðar af þriðja aðila, s.s. umhverfismerki ESB, skulu hafa forgang) við val á birgjum.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðun
(i15) Hundraðshluti veitenda gístiaðstöðu (í gístinóttum eða söluvirði) sem fylgja tilteknum umhverfisviðmiðunum (%)	(b18) ≥ 90% söluaðila gístiaðstöðu, byggt á söluverðmæti eða gístinóttum, eru í samræmi við safn umhverfiskrafna (helst viðurkenndar með vottun þriðja aðila).

3.3.3. *Stuðlað að umbótum á ákvörðunarstöðum*

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að stuðla að úrbótum í umhverfismálum á ákvörðunarstöðum í ferðaþjónustu með því að hagnýta bætta árangur í umhverfismálum hjá staðbundnum fyrirtækjum birgja og hjá fyrirtækjum/stofnunum og yfirvöldum sem stjórna ákvörðunarstöðum og með beinum áætlunum til úrbóta, t.d. endurheimt búsvæðis innan helstu ákvörðunarstaða.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eiga beint við um stærra ferðaskipuleggjendur. **Lítill fyrirtæki** geta samræmt aðgerðir í klósum eða í gegnum samtök eða í samstarfsverkefnum opinberra aðila og einkaaðila með staðar-/svæðisfyrirvöldum.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðun

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðun
(i16) Hundradshluti þjónustu sem fellur undir úrbætur í umhverfismálum innan ákvörðunarstaðarins (%)	(b19) Ferðaskipuleggjandinn stuðlar að úrbótum í umhverfismálum á ákvörðunarstaðnum með: i. því að bæta frammistöðu birgðakeðjunnar, ii. því að hafa áhrif á stjórnun ákvörðunarstaðar, iii. beinum úrbótakerfum.
(i17) Þátttaka í verkefnum til úrbóta í umhverfismálum á ákvörðunarstaðnum (já/nei)	

3.3.4. *Þróun og kynning á viðeigandi ferðaþjónustupökkum og hvatning til meiri sjálfbærni í ferðaþjónustu*

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að þróa og kynna ferðaþjónustupakka sem undanskilja skaðlegustu valkostina fyrir umhverfið og innihalda valkosti fyrir flutninga, gistiðstöðu og afþreyingu sem eru leiðandi í umhverfislegu tilliti. Enn fremur skulu ferðaskipuleggjendur og ferðaskrifstofur veita viðskiptavinum upplýsingar um umhverfisáhrif ferðaþjónustupakka og skulu miðla áfram markvissum jákvæðum og grípandi skilaboðum um sjálfbærar og ábyrgar aðgerðir sem viðskiptavinir geta gripið til þegar þeir velja og fara í orlofsferðir til að lágmarka umhverfisáhrifin.

Gildissvið

Allir ferðaskipuleggjendur, þ.m.t. **lítill fyrirtæki**, geta innleitt ráðstafanir úr þessum bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
(i18) Hundradshluti leiðandi sjálfbærra ferða (t.d. með umhverfismerki) sem seldar eru (eftir virði) (%)	(b20) Ferðaskipuleggjandinn kynnir sjálfbæra ferðaþjónustupakka í hefðbundnu auglýsingaefni (b21) Söluhlutdeild leiðandi sjálfbærra ferðaþjónustupakka (t.d. austurríska umhverfismerkið fyrir ferðapakka) er $\geq 10\%$. (b22) Ferðaskipuleggjandinn notar skilvirkar aðferðir við markaðssetningu og í samskiptum til að hvetja til sjálfbærari kosta við val á ferðaþjónustupökkum. (b23) Ferðaskipuleggjandinn lætur öllum viðskiptavinum í té upplýsingar sem eru sérsníðnar að áfangastaðnum og auka vitund þeirra til að stuðla að sjálfbærri hegðun á ákvörðunarstaðnum.

3.3.5. Skilvirk starfsemi í smásölu og á skrifstofum

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að lágmarka notkun tilfanga, einkum pappírs og bleks, vegna auglýsinga og skrifstofuhalds, að velja umhverfisvottuð efni og þjónustu (t.d. prentþjónustu) og að tryggja orku-⁽¹⁾ og vatnsnýtni í öllum skrifstofurekstri og smásölustarfsemi.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um alla ferðaskipuleggjendur.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
(i19) Pappírnotkun á hvern viðskiptavin (g/viðskiptavin)	(b24) Skrifstofu- og kynningarefni á pappír: i. komist er hjá notkun þegar unnt er, ii. notaður er 100% endurunninn eða umhverfisvottaður pappír (t.d. með umhverfismerki, FSC, PEFC), iii. prentun fer fram í umhverfisvottaðri (t.d. umhverfisstjórnunarkerfi ESB, ISO 14001) prentþjónustu.
(i20) Umhverfisvottun pappírs og prentunar (já/nei)	
(i21) Sértæk losun koltvísýrings frá skrifstofurekstri og smásölustarfsemi (kg CO ₂ /viðskiptavin eða kg CO ₂ /m ² ári)	(b25) Stjórnunaráætlunum varðandi orku og gróðurhúsalofttegundir er komið í framkvæmd og losun vegna orku og losun gróðurhúsalofttegunda, sem orsakast af smásölu og skrifstofurekstri, eru tilkynnt og gefin upp á hvern m ² af smásölu- og skrifstofurými á ári og á hvern viðskiptavin.
(i22) Vatnsnotkun á ári í skrifstofubyggingum á hvern starfsmann (l/starfsmann-ári)	(b26) Vatnsnotkun er ≤ 2,0 m ³ á hvern starfsmann á ári.

3.4. Lágmarkun vatnsnotkunar í gístaðstöðu

3.4.1. Vöktun, viðhald og kjörnýting vatnskerfa

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að gera úttekt á vatnsnotkun og vakta vatnsnotkun í lykilverlum og á lykilsvæðum þar sem vatn er notað (þ.e. notkunarmæling) í því skyni að greina tækifæri til bættrar nýtingar og til að tryggja að öllum búnaði sé viðhaldið með viðeigandi reglubundnum skoðunum, þ.m.t. við daglegan rekstur.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um allar gerðir og stærðir gístaðstöðu, þ.m.t. **lítill fyrirtæki**. Hins vegar getur verið að ísetning endurbótarhlutar til að mæla notkun sé ekki nauðsynleg í smærri fyrirtækjum.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
(i23) Vatnsnotkun á hverja gistinótt (l/gistinótt)	(b27) Staðarsértækri vatnsstjórnunaráætlun komið á laggimar sem inniheldur: i. notkunarmælingar og setningu viðmiðana fyrir öll helstu ferli og svæði sem nota vatn, ii. reglulegar skoðanir og viðhald á „lekastöðum“ og búnaði í vatnskerfum.
	(b28) Heildarvatnsnotkun er ≤ 140 L á hverja gistinótt í hótelum með fulla þjónustu og ≤ 100 L á hverja gistinótt í gístaðstöðu þar sem meirihluti baðherbergja eru samnýtt (t.d. farfluglaheimili).

⁽¹⁾ Þetta má gera innan ramma innleiðingar á orkustjórnunarkerfi samkvæmt ISO 50001.

3.4.2. Skilvirkur vatnsbúnaður á gestasvæðum

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að setja upp skilvirkan vatnsbúnað, þ.m.t. vatnssparandi úðakranar og vatnssparandi hitastýrðar sturtur (e. *thermostatic shower*), vatnssparandi salerni og salerni með tvöfaldri niðurskolun og vatnslausar þvagskálur. Í millitíðinni má setja loftblandara á útbúnað sem til er fyrir.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um allar gerðir og stærðir gístaðstöðu, þ.m.t. **lítill fyrirtæki**. Ef endurnýjun hefur nýlega átt sér stað eiga ráðstafanir, t.d. að koma fyrir loftblandara, ennþá við.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísir og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísir	Árangursviðmiðanir
(i23) Vatnsnotkun á hverja gistinótt (l/gistinótt)	(b29) Vatnsnotkun, og tengd orkunotkun vegna vatnshitunar, sem er ≤ 100 L og 3,0 kWh á hverja gistinótt, eftir því sem við á, á gestaherbergjum með baði.
(i24) Orkunotkun vegna vatnshitunar (kWh/gistinótt)	(b30) Streymi í sturtu ≤ 7 L/mín, streymi í baðherbergiskrana ≤ 6 L/mín (≤ 4 L/mín í nýjum krönum), meðalniðurskolun í salerni $\leq 4,5$ L, uppsetning á vatnslausum þvagskálum.
(i25) Streymi í sturtum, baðherbergiskrönum, niðurskolun úr þvagskálum og salernum (l/mín eða l/skolun)	

3.4.3. Skilvirkni í daglegum rekstri

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að lágmarka þörf fyrir þvott með grænum innkaupum á rúmfatnaði og handklæðum (með tilliti til stærðar, þéttleika, litar, efnis) og með því að biðja eða hvetja gesti til að nota rúmfatnað og handklæði aftur. Það eru einnig bestu starfsvenjur að þjálfa starfsfólk í að innleiða vatns- og efnanýtnar hreinsunaraðferðir og að kaupa inn umhverfsvottaðar rekstrarvörur fyrir svefnherbergi og baðherbergi.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um allar gerðir og stærðir gístaðstöðu, þ.m.t. **lítill fyrirtæki**. Lágmarkun á þvotti með því að velja hagkvæmari textílefni í herbergjum á alls staðar við en lágmarkun á þvotti með því að hvetja gesti til endurnotkunar er takmörkuð fyrir gístaðstöðu með hátt hlutfall gesta sem gísta eina nótt.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
(i26) Magn þvottar sem fellur til á hverja gistinótt (kg/gistinótt)	(b31) Að minnsta kosti 80% af rúmfatnaði eru úr blöndu af baðmull og pólýester ⁽¹⁾ eða líni.
(i27) Hundraðshluti endurnotaðra handklæða og rúmfatnaðar (%)	(b32) Að minnsta kosti 80% af textílefnum í svefnherbergjum hafa fengið umhverfismerki af gerð I samkvæmt ISO-staðli (t.d. umhverfismerki ESB) eða eru lífræn.
(i28) Notkun á efnavörum við þrif og uppþvott, með tilliti til virkra íðefna sem þær innihalda, á hverja gistinótt (g/gistinótt)	(b33) Notkun á efnavörum við þrif og uppþvott (að undanskildu þvottaefni, sérstökum hreinsiefnum og efnum fyrir sundlaugar) ≤ 10 grömm af virkum íðefnum sem þær innihalda á hverja gistinótt.
(i29) Hundraðshluti íðefna og textílefna með umhverfismerki af gerð I samkvæmt ISO-staðli (%)	(b34) Minnkun á þvotti sem næst með endurnotkun handklæða og rúmfatnaðar um a.m.k. 30%. (b35) Að minnsta kosti 80% (eftir vigt eða keyptu rúmmáli virkra innihaldsefna) af alhliða hreinsiefnum, þvotta- og hreinsiefnum fyrir hreinlætisaðstöðu, sápum og hárfvottalegi sem notuð eru í gístaðstöðu fyrir ferðamenn hafa fengið umhverfismerki af gerð I samkvæmt ISO-staðli (t.d. umhverfismerki ESB).

(¹) Rúmföt úr blöndu af baðmull og pólýester hafa betri endingu og þurfa minni orku við þvott en þau sem eru gerð úr hreinni baðmull.

3.4.4. Bestun í rekstri lítilla þvottahúsa

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að kaupa inn þvottavélar með vindu með mestu vatnsnýtinguna (og þar af leiðandi mestu orkunýtinguna) og þurrkara (t.d. varmadæluþurrkara) og strauvélar með mestu orkunýtinguna, að endurnota skolvatn og, á svæðum þar sem er mikið vatnsálag, aðalþvottavatnið eftir örsíun. Það eru einnig bestu starfsvenjur að endurheimta hita frá skólpi og lofti í útblásturskerfi.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um allar gerðir og stærðir gístaðstöðu sem reka þvottahús á staðnum, þ.m.t. **lítill fyrirtæki**.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
(i30) Vatnsnotkun á hvert kg af þvotti (l/kg)	(b36) Við rekstur smárra þvottahúsa eru allar nýjar heimilisþvottavélar með einkunnina A+++ á orkumerkimiða ESB og iðnaðarþvottavélar eru með meðalvatnsnotkun við þvotta sem nemur ≤ 7 L á hvert kg af þvegnum þvotti.
(i31) Orkunotkun á hvert kg af þvotti (kWh/kg)	
(i32) Hundradshluti þvottaefna með umhverfismerki (%)	
	(b37) Heildarorkunotkun á staðnum vegna þvotta í smáum stíl $\leq 2,0$ kWh á hvert kg af textílefnum, miðað við þurran og tilbúinn þvott.
	(b38) Að minnsta kosti 80% af þvottaefnum sem notuð eru í smáum stíl (eftir vigt eða keyptu rúmmáli virkra innihaldsefna) hafa fengið umhverfismerki af gerð I samkvæmt ISO- staðli (t.d. umhverfismerki ESB, norræna svansmerkið, Blaue Engel).

3.4.5. Bestun í starfsemi stórra eða útvistaðra þvottahúsa

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að velja skilvirkan veitanda þvottaþjónustu sem er vottaður með umhverfismerki af gerð I samkvæmt ISO-staðli eða sem fer að viðmiðunum í slíkum merkjum eða að tryggja að rekstur stórra þvottahúsa á staðnum fari að slíkum viðmiðunum.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um stóra gístaðstöðu sem rekur stórt þvottahús á staðnum sem og um rekstraraðila þvottahúsa í atvinnurekstri. Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda einnig aðra gístaðstöðu af öllum stærðum, þ.m.t. **lítill fyrirtæki**, að því marki sem þessar viðmiðanir gilda um græn innkaup á þvottaþjónustu.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
(i33) Þvottaþjónusta með umhverfismerki (já/nei)	(b39) Allur útvistaður þvottur er þvegin af þjónustuveitanda sem hefur fengið umhverfismerki af gerð I samkvæmt ISO-staðli (t.d. norræna svansmerkið) og allur rekstur á stórum þvottahúsum innanhúss, eða þvottur sem útvistað er til þjónustuveitanda án vottunar, er í samræmi við viðkomandi viðmiðanir.
(i30) Vatnsnotkun á hvert kg af þvotti (l/kg)	
(i31) Orkunotkun á hvert kg af þvotti (kWh/kg)	
(i32) Hundradshluti þvottaefna með umhverfismerki (%)	(b40) Heildarvatnsnotkun í öllu þvottaferlinu við rekstur stórra þvottahúsa er ≤ 5 L á hvert kg af textílefnum fyrir þvott frá gístaðstöðu og ≤ 9 L á hvert kg af textílefnum fyrir þvott frá veitingahúsum.

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
	(b41) Heildarorkunotkun í öllu ferlinu fyrir þurran og tilbúinn þvott í stórum þvottahúsum er $\leq 0,90$ kWh á hvert kg af textílefum fyrir þvott frá gístaðstöðu og $\leq 1,45$ kWh á hvert kg af textílefum fyrir þvott frá veitingahúsum.
	(b42) Í rekstri stórra þvottahúsa er eingöngu notað þvottaefni til nota í atvinnuskyni, sem er í samræmi við ákvæði umhverfismerkis af gerð I samkvæmt ISO-staðli (t.d. umhverfismerki ESB, norræna svansmerkið), sem er notað í viðeigandi skömmtum.

3.4.6. Bestun í stjórnun sundlauga

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að besta tíðni og tímastillingu bakskolunar byggt á þrýstingsfalli frekar en fastri áætlun, að nota ósongjörva eða meðhöndlun með útfjólubláu ljósi og vandlega skömmtunarstjórnun til að lágmarka klórun og að endurheimta hita frá lofti í útblásturskerfi.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um fyrirtæki sem reka gístaðstöðu með sundlaug á staðnum, þ.m.t. **lítill fyrirtæki**.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðun

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðun
(i34) Áætlun fyrir umhverfisstjórnun sundlauga komið í framkvæmd (já/nei)	(b43) Skilvirkniáætlun fyrir svæði sundlaugar og heilsulindar komið í framkvæmd sem inniheldur: i. setningu viðmiðana fyrir sértæka notkun á vatni, orku og íðefnum á svæðum sundlaugar og heilsulindar, gefið upp á hvern m ² af yfirborðsfleti sundlauga og hverja gistinótt, ii. lágörkun á notkun klórs með bestaðri skömmtun og notkun viðbótarsóttþreinsunaraðferða, t.d. ósongjörva og meðhöndlunar með útfjólubláu ljósi.
(i35) Beiting ósongjörva eða meðhöndlunar með útfjólubláum geislum (já/nei)	

3.4.7. Endurvinnsla regnvatns og endurvinnsla á grávatni

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að setja upp endurnýtingarkerfi fyrir grátt vatn sem endurheimtir grátt vatn til notkunar í innanhússferlum (t.d. salernisniðurskolun) eftir meðhöndlun, eða í utanhússferlum (t.d. áveitu), eða söfnunarkerfi fyrir regnvatn til nota á regnvatni innanhúss.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um öll fyrirtæki með gístaðstöðu. Hægt er að setja upp endurvinnslukerfi fyrir vatn við byggingarframkvæmdir eða meiriháttar endurnýjun. Notkun hjá **lítlum fyrirtækjum** getur takmarkast vegna mikils fjárfestingarkostnaðar.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðun

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðun
(i36) Endurvinnsla á gráu vatni eða regnvatni komið í framkvæmd (já/nei)	(b44) Uppsetning á endurvinnslukerfi fyrir regnvatn sem svarar innri vatnspörf og/eða á endurvinnslukerfi fyrir grátt vatn sem svarar innri eða ytri vatnspörf.

3.5. Úrgangur og meðhöndlun skólps í gístaðstöðu

3.5.1. Forvarnir gegn myndun úrgangs

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að koma í veg fyrir myndun úrgangs með grænum innkaupum á vörum, að teknu tilliti til vistferlisáhrifa vörunnar — t.d. með því að forðast einnota vörur (matvæli, sápur, hárfvottalög) og með því að kaupa hreinsiefni í óblönduðu formi og í lausu — og með vandlegri stjórnun á innkaupamagni.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um allar gerðir og stærðir gístaðstöðu, þ.m.t. **lítil fyrirtæki**.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
(i37) Myndun úrgangs á hverja gistinótt (kg/gistinótt)	(b45) Heildarmyndun úrgangs (flokkaður og óflokkaður) $\leq 0,6$ kg á hverja gistinótt.

3.5.2. Flokkun úrgangs og sending í endurvinnslu

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að koma á aðskildri sorphirðuaðstöðu í öllu fyrirtækinu, að tryggja að það séu til skýrar verklagsreglur um aðskilnað úrgangs og kaupa viðeigandi endurvinnsluþjónustu, a.m.k. fyrir gler, pappír og pappa, málma og lífrænan úrgang.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um allar gerðir og stærðir gístaðstöðu, þ.m.t. **lítil fyrirtæki**.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
(i38) Hundraðshluti úrgangs sem sendur er til endurnotkunar eða endurvinnslu (%)	(b46) Að minnsta kosti 84% af úrgangi, gefin upp sem þyngd, eru send til endurvinnslu.
(i39) Óflokkaður úrgangur sem myndast á hverja gistinótt (kg/gistinótt)	(b47) Óflokkaður úrgangur sem sendur er til förgunar er $\leq 0,16$ kg á hverja gistinótt.

3.5.3. Hreinsun skólps

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að setja upp kerfi fyrir hreinsun skólps á staðnum sem hreinsar skólp a.m.k. í tveimur þrepum, og helst þremur þrepum, og inniheldur a.m.k. formeðhöndlun til að skilja frá fast efni og fella út efnisagnir og síðan fer skilvirk lífræn hreinsun fram (t.d. í raðlotuhvarfgeymi (e. *sequencing batch reactor*) til að fjarlægja hátt hlutfall af efnafræðilegri súrefnisþörf, lífrænni súrefnisþörf, köfnunarefni og fosfór úr endanlegu frárennsli. Seyra er meðhöndluð og fargað á umhverfisvænan hátt.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um allar gerðir og stærðir gístaðstöðu sem er ekki tengd fráveitukerfi, þ.m.t. **lítil fyrirtæki**.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísir og árangursviðmiðun

Umhverfisárangursvísir	Árangursviðmiðun
(i40) Skilvirkni fjarlægingar við hreinsun skólps á staðnum (t.d. % af lífrænni súrefnisþörf, efnafræðilegri súrefnisþörf)	(b48) Ef það er ekki mögulegt að senda skólps í miðlæga hreinsun felur hreinsun skólps á staðnum í sér formeðhöndlun (sigti/teinagrind, útjöfnun og botnfellingu) sem fylgt er eftir með lífrænni hreinsun með fjarlægingu á > 95% af lífrænni súrefnisþörf ₅ (BOD ₅), > 90% nítrun og loftfirrðri meltun (utan svæðis) á umframseyru.
(i41) Styrkleiki í endanlegu frárennsli (mg/l) (t.d. lífræn súrefnisþörf, efnafræðileg súrefnisþörf, heildarmagn köfnunarefnis, fosfór)	

3.6. Lágmarkun orkunotkunar í gistiaðstöðu

3.6.1. Orkuvöktunar- og orkustjórnunarkerfi

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að gera orkuúttekt og vakta orkunotkun í lykilferlum og á lykilsvæðum þar sem orka er notuð (þ.e. notkunarmæling) í því skyni að greina tækifæri til bættrar nýtingar og til að tryggja að öllum búnaði sé viðhaldið með viðeigandi reglubundnum skoðunum ⁽¹⁾.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um allar gerðir og stærðir gistiaðstöðu, þ.m.t. **lítill fyrirtæki**. Víðtæk notkunarmæling og stjórnunarkerfi bygginga eiga ekki við um smærri fyrirtæki.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
(i42) Staðarsértækri orkustjórnunaráætlun komið í framkvæmd (já/nei)	(b27) Staðarsértækri orkustjórnunaráætlun komið í framkvæmd sem inniheldur: i. notkunarmælingu og setningu viðmiðana í öllum helstu orkunotandi ferlum, ii. útreikning og skýrslugjöf um frumorkunotkun og orkutengda koltvísýringsslosun.
(i43) Eðlisorkunotkun (kWh/m ² ári)	
	(b50) Í nústandandi byggingum er endanleg orkunotkun hita-, loftræsti- og lofjöfnunarkerfa og vatnshitunar ≤ 75 kWh eða samanlögð heildarorkunotkun ≤ 180 kWh, á hvern m ² af hituðu og kældu svæði á ári.

3.6.2. Endurbætt veðurhlíf

Að því er varðar nýjar byggingar eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að tryggja að þær uppfylli hæsta fánlega orkumat, t.d. staðlana PassiveHouse og Minergie P ⁽²⁾. Í nústandandi byggingum eru bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun að lágmarka orkuþörf vegna hitunar og kælingar ⁽³⁾.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um allar tegundir gistiaðstöðu í byggingu eða meiriháttar endurnýjun og við val á byggingum fyrir fyrirtæki sem leigja húsnæði sitt. Tækifæri lítilla fyrirtækja til þess að koma þessum bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun í framkvæmd geta verið takmörkuð þegar um er að ræða ísetningu endurbótarhluta í nústandandi byggingu vegna hins mikla fjárfestingarkostnaðar.

⁽¹⁾ Þetta má gera innan ramma innleiðingar á orkustjórnunarkerfi samkvæmt ISO 50001.

⁽²⁾ Passive House og Minergie P eru tvö dæmi um mjög metnaðarfulla byggingastaðla með tilliti til orkunýtingar. Kröfum í þeim er lýst annars vegar í http://www.passiv.de/en/02_informations/02_passive-house-requirements/02_passive-house-requirements.htm og hins vegar í http://www.minergie.ch/minergie_fr.html

⁽³⁾ Sértekari bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun til að bæta veðurhlífina og, í víðari skilningi, umhverfislega sjálfbærni bygginga er lýst í væntanlegu geiratengdu tilvísunarskjali umhverfisstjórnunarkerfis ESB fyrir byggingargeirann.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
(i43) Eðlisorkunotkun (kWh/m ² ári)	(b50) Í nústandandi byggingum er endanleg orkunotkun hita-, loftræsti- og loftjöfnunarkerfa og vatnshitunar ≤ 75 kWh eða samanlögð heildarorkunotkun ≤ 180 kWh, á hvern m ² af hituðu og kældu svæði á ári. (b51) Í nýjum byggingum er orkunýtingin í samræmi við staðlana Minergie P eða PassiveHouse eða jafngildi þeirra.

3.6.3. Kjörnýting hita-, loftræsti- og loftjöfnunarkerfa

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að lágmarka orkunotkun hita-, loftræsti- og loftjöfnunarkerfa með því að setja upp vörur í hæsta orkumerkingarflokki (þegar það á við), svæðisbundnar hitastýringar og stýrða loftræstingu með varmaendurheimt (best að þeim sé stýrt með koltvísyringsnemum) og orkunýtna íhluti (t.d. hraðastíllanlegar víftur) og að besta hita-, loftræsti- og loftjöfnunarkerfi í tengslum við eiginleika veðurhlífar og orkugjafa.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um allar gerðir og stærðir gístaðstöðu, þ.m.t. **lítill fyrirtæki**. Full bestun næst aðeins við byggingu eða meiriháttar endurnýjun en hægt er að framkvæma sértækar ráðstafanir hvenær sem er.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
(i43) Eðlisorkunotkun (kWh/m ² ári)	(b50) Í nústandandi byggingum er endanleg orkunotkun hita-, loftræsti- og loftjöfnunarkerfa og vatnshitunar ≤ 75 kWh eða samanlögð heildarorkunotkun ≤ 180 kWh, á hvern m ² af hituðu og kældu svæði á ári. (b51) Í nýjum byggingum er orkunýtingin í samræmi við staðlana Minergie P eða PassiveHouse eða jafngildi þeirra.

3.6.4. Skilvirk notkun á varmadælum og jarðvarmahitun/-kælingu

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að setja upp hagkvæmar (t.d. umhverfismerktar vörur í hæsta orkumerkingarflokki) varmadælur fyrir hitun og kælingu eða, þar sem hægt er, grunnvatnskælingu.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um allar tegundir gístaðstöðu. Á þéttbýlissvæðum er e.t.v. einungis unnt að setja upp grunnvatnskerfi við byggingarframkvæmdir eða meiriháttar endurnýjun. Auðvelt er að setja upp varmadælur sem nýta loft sem endurbótahlut en þær henta e.t.v. ekki í mjög köldu loftslagi. Notkun þessara bestu starfsvenja í umhverfisstjórnun getur takmarkast í **litlum fyrirtækjum** vegna fjárfestingarkostnaðar.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðun

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðun
(i43) Eðlisorkunotkun (kWh/m ² ári)	(b52) Varmadælur sem nýta vatn (e. <i>water-source heat pump</i>) og/eða hitun/kæling með jarðvarma eru notuð frekar en hefðbundin hitunar- og kælikerfi þar sem það er gerlegt og varmadælur eru í samræmi við viðmiðanir fyrir umhverfismerki ESB og hæstu orkumerkingarflokka.

3.6.5. Skilvirkur lýsingar- og rafbúnaður

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að setja upp svæðisskipta flúrlýsingu og LED-lýsingu af viðeigandi stærð með snjallstýringu sem byggir á hreyfingu, dagsbirtu og tíma. Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru einnig að kjörnýta hönnun bygginga og skipulag innra rýmis að því er varðar notkun dagsbirtu, að teknu tilliti til orkuáhrifa stórra glerjaðra flata á hitun og kælingu. Að því er varðar rafbúnað (hvítar vörur og sjónvarps-, útvarps- og hljómtæki og skyldan búnað) skal velja vörur með umhverfismerki ESB eða í hæsta orkumerkingaflokki þegar unnt er.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um allar gerðir og stærðir gístaðstöðu, þ.m.t. **lítill fyrirtæki**. Oft er hægt að skipta ljósum með glóðarperum og halógenperum beint út fyrir sambyggðar flúrperur og díóðuperur. Breytingar á byggingum til að kjörnýta dagsbirtu takmarkast við upphaflega smíði og endurnýjun.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
(i44) Uppsett lýsingargeta (W/m ²)	(b53) Uppsett lýsingargeta ≤ 10 W á hvern m ²
(i45) Lýsingarsértæk orkunotkun (kWh/m ² ári)	(b54) Raforkunotkun vegna lýsingar ≤ 25 kWh á hvern m ² af hituðu og kældu gólfsvæði á ári.
(i46) Heildarraforkunotkun (kWh/m ² ári)	(b55) Heildarraforkunotkun ≤ 80 kWh á hvern m ² af hituðu og kældu gólfsvæði á ári.

3.6.6. Endurnýjanlegir orkugjafar

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að setja upp staðbundinn búnað til framleiðslu á jarðvarma-, sólar- eða vindorku, eftir því sem við á, og að kaupa rafmagn frá raunverulega (þ.e. sannreynanlega, til viðbótar) endurnýjanlegri rafveitu.

Gildissvið

Möguleikinn á því að hagnýta einstaka endurnýjanlega orkutækni á staðnum fer eftir staðsetningu og staðarsértækum þáttum s.s. loftslagi, skyggingu, tiltæku rými o.s.frv. Öll fyrirtæki/stofnanir geta fjárfest í endurnýjanlegum orkukerfum utan svæðis. Notkun þessara bestu starfsvenja í umhverfisstjórnun getur takmarkast í **lítlum fyrirtækjum** ef um er að ræða langan endurgreiðslutíma.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
(i11) Hundraðshluti endanlegrar orkunotkunar sem uppfyllt er með endurnýjanlegri orku sem framleidd er á staðnum (%)	(b56) Jafngildi 50% af árlegri orkunotkun gístaðstöðunnar er framleitt með endurnýjanlegum orkugjöfum á staðnum eða með sannreynanlegum endurnýjanlegum orkugjafa til viðbótar utan svæðisins.
(i47) Notkun vottaðra inneigna fyrir endurnýjanlega orku (já/nei)	(b57) 100% raforkunnar koma frá rekjanlegum endurnýjanlegum raforkugjöfum sem hefur ekki þegar verið gerð grein fyrir hjá öðru fyrirtæki/stofnun eða í blöndu landsbundinnar meðalraforkuframleiðslu eða sem eru innan við tveggja ára gamlir.

3.7. Veitingahús og hóteleldhús

3.7.1. Græn innkaup á matvællum og drykkjarvörum

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að meta birgðakeðjur fyrir matvæli og drykkjarvörur til að greina umhverfislega áherslustaði og lykileftirlitsstaði, þ.m.t. val á umhverfsvottuðum vörum og breytingar á matseðlum til að forðast sérstaklega skaðleg innihaldsefni (t.d. fisktegundir í útrýmingarhættu og ávexti utan árstíðar) og tryggja skynsamlega skömmtun á kjöt- og mjólkurafurðum og framboð á grænmetisvalkostum.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um öll eldhús. Eldhús á dreifbýlisstöðum geta e.t.v. keypt matvæli á staðnum. Stærri eldhús geta haft meiri áhrif á birgja. **Lítill fyrirtæki** geta einnig komið þessum bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun í framkvæmd að fullu.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísir og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísir	Árangursviðmiðanir
(i48) Hundraðshluti umhverfsvottaðra innihaldsefna (eftir verðgildi) (%)	(b58) Fyrirtæki/stofnun getur lagt fram skjalfestar upplýsingar, sem innihalda a.m.k. upprunaland, varðandi öll helstu innihaldsefni. (b59) Að minnsta kosti 60% af mat- og drykkjarvörum, eftir innkaupsvirði, eru með umhverfsvottun (t.d. lífrænar).

3.7.2. Meðhöndlun lífræns úrgangs

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að lágmarka matarúrgang, sem komast má hjá með vandlegri skipulagningu matseðla og skammtastærða, og að tryggja að allur lífrænn úrgangur sé skilinn frá og sendur í loftfirrða meltun, þar sem það er hægt, eða í brennslu með endurnýtingu orku eða myltingu sem er staðbundin eða á staðnum.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um öll eldhús. Ákjósanlegi valkosturinn við endurvinnslu úrgangs, sem er loftfirrð meltun, er e.t.v. ekki til staðar á sumum stöðum, þá má senda úrgang til brennslu með endurnýtingu orku eða myltingu. **Lítill fyrirtæki** geta einnig komið þessum bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun í framkvæmd að fullu.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísir og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísir	Árangursviðmiðanir
(i49) Myndun lífræns úrgangs (kg á hvern matargest)	(b60) $\geq 95\%$ af lífrænum úrgangi er aðskilinn og beint frá urðunarstöðum og, þar sem það er unnt, sendur í loftfirrða meltun.
(i50) Hundraðshluti lífræns úrgangs sem sendur er í loftfirrða meltun, til óhefðbundinnar endurnýtingar orku, er myltur á staðnum eða sendur í myltingu (%)	(b61) Heildarmyndun lífræns úrgangs $\leq 0,25$ kg á hvern matargest og myndun úrgangs sem komast má hjá $\leq 0,18$ kg á hvern matargest.

3.7.3. Bestun uppvottar, þrifa og tilreiðslu matvæla

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að velja hagkvæman búnað til þvotta, þ.m.t. kveikjustýrðir vatnssparandi úðalokar til forskolunar (e. *trigger-operated low-flow pre-rinse spray valves*), skilvirkar uppvottavélar og gufusuðupottar án tengingar við vatn (e. *connectionless steamer*), og að vakta og setja viðmiðanir fyrir vatnsnotkun í eldhúsum/á veitingasvæðum.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um öll eldhús. Það kann að vera að uppsetning á skilvirkari uppþvottavélum sé einungis fjárhagslega hagkvæm þegar uppþvottavélar sem fyrir eru nálgast endalok nýtingartíma síns eða þarfnast viðgerða. **Lítill fyrirtæki** geta einnig komið þessum bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun í framkvæmd að fullu.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
(i51) Vatnsnotkun í eldhúsum á hvern matargest (l/matargest)	(b62) Vatnsstjórnunaráætlun í eldhúsum komið á laggirnar sem felur í sér vöktun og skýrslugjöf um heildarvatnsnotkun í eldhúsum, staðlað á hvern matargest, og greinir forgangsráðstafanir til að draga úr vatnsnotkun.
(i52) Hundraðshluti efna til uppþvotta og þrifa á eldhúsi með umhverfismerki (%)	
(i53) Græn innkaup á skilvirkum eldhústækjum (já/nei)	(b63) Að minnsta kosti 70% af keyptu magni af íðefnum til hreingerninga (að ofnhreinsiefnum undanskildum) fyrir uppþvotta og þrif eru með umhverfismerki (t.d. umhverfismerki ESB).

3.7.4. *Bestun eldunar, loftræstingar og kælingar*

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að velja skilvirkan eldunarbúnað, þ.m.t. spanhellur eða gashellur með pottaskynjara, skilvirkan kælibúnað sem notar náttúrulega kælimiðla, s.s. ammoníak eða koltvísýring, og að stjórna loftræstingu samkvæmt þörfum.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um öll eldhús. Það kann að vera að uppsetning á skilvirkari eldunar- og kælibúnaði sé einungis fjárhagslega hagkvæm þegar búnaður sem fyrir er nálgast endalok nýtingartíma síns. **Lítill fyrirtæki** geta einnig komið þessum bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun í framkvæmd að fullu.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísir og árangursviðmiðun

Umhverfisárangursvísir	Árangursviðmiðun
(i54) Eðlisorkunotkun á hvern matargest (kWh/matargest)	(b64) Orkustjórnunaráætlun í eldhúsum komið á laggirnar sem felur í sér vöktun og skýrslugjöf um heildarorkunotkun í eldhúsum, staðlað á hvern matargest, og greinir forgangsráðstafanir til að draga úr orkunotkun.

3.8. Tjaldstæði3.8.1. *Umhverfisfræðsla fyrir gesti*

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að útvega gestum gagnvirka fræðslu á staðnum um umhverfismál, þ.m.t. námskeið, náttúrustígar eða búnaður s.s. flutningar sem losa lítið af kolefni (reiðhjól, rafmagnshjól).

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um öll tjaldstæði og aðrar tegundir gístaðstöðu (einkum í dreifbýli). Notkun þessara bestu starfsvenja í umhverfisstjórnun getur takmarkast í **litlum fyrirtækjum** með litlar tekjur.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísir og árangursviðmiðun

Umhverfisárangursvísir	Árangursviðmiðun
(i55) Upplýsingar/fræðsla um umhverfismál standa gestum til boða (já/nei)	(b65) Fyrirtækið með gístiaðstöðuna hvetur til og auðveldar umhverfislega ábyrga hegðun og afþreyingu og veitir gestum umhverfisfræðslu með afþreyingu og námskeiðum á staðnum.
(i56) Flutningatæki sem losa líftíð af kolefni (t.d. reiðhjól) standa gestum til boð (já/nei)	

3.8.2. Umhverfisstjórnun útisvæða

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að hámarka líffræðilega fjölbreytni á staðnum með plöntun á upprunalegum tegundum og uppsetningu á grænum eða brúnum þökum og veggjum. Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að lágmarka vatnsnotkun við áveitu og að nota grátt vatn eða regnvatn. Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að lágmarka ljósmengun frá utanhússlýsingu (t.d. með því að nota lágþrýstar natríumperur sem halla rétt) og draga úr hávaðamengun frá viðburðum utandyra með því að setja upp hljóðvarnir og framfylgja ströngum útivistarreglum fyrir slíka viðburði.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um öll tjaldstæði og aðrar tegundir gístiaðstöðu (einkum í dreifbýli), þ.m.t. **lítil fyrirtæki**.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísir og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísir	Árangursviðmiðanir
(i4) Stjórnunaráætlun fyrir líffræðilega fjölbreytni komið í framkvæmd (já/nei)	(b66) Viðhalda eða auka líffræðilega fjölbreytni á staðnum með plöntun á upprunalegum tegundum, útbúa athvarf fyrir staðbundnar dýrategundir og setja upp græn eða brún þök þar sem það er hægt; og með því að lágmarka notkun iðefna, ljós- og hávaðamengun. (b67) Lágmarka ljósmengun og truflun fyrir villtar lífverur með því að setja upp tíma- eða skynjarastýrða, skilvirka og rétt stillta ljósgjafa fyrir lýsingu utanhúss sem halla á viðeigandi hátt og beina engu ljósi upp á við. (b68) Lágmarka vatnsnotkun með plöntun á upprunalegum tegundum og dreifingu á jarðvegsþekjuefnum og með því að setja upp stýrð áveitukerfi sem nota grátt vatn þar sem það er hægt.

3.8.3. Orkunýtni og nýting endurnýjanlegrar orku á tjaldstæðum

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að lágmarka orkunotkun vegna vatnshitunar, hita-, loftræsti- og loftjöfnunarkerfa og lýsingar með því að setja upp vatnssparandi búnað, góða einangrun í byggingar og flúrlýsingu eða LED-lýsingu og einnig að koma upp framleiðslugetu fyrir endurnýjanlega orku á staðnum (t.d. vatnshitun með sólarorku). Að auki er hægt að endurheimta varma úr gráu vatni frá þvottahúsum með varmadælu.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um öll tjaldstæði. Uppsetning á tiltekinni tækni fyrir endurnýjanlega orku er háð staðarsértækum eiginleikum. **Lítill fyrirtæki** geta komið þessum bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun í framkvæmd að fullu.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðanir

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðanir
(i57) Eðlisorkunotkun á hverja gistinótt (kWh/gistinótt)	(b69) Sértek endanleg orkunotkun (að undanskilinni endurnýjanlegri orku sem framleidd er á staðnum) er $\leq 2,0$ kWh á hverja gistinótt.
(i11) Hundraðshluti endanlegrar orkunotkunar sem uppfyllt er með endurnýjanlegri orku sem framleidd er á staðnum (%)	(b70) 100% raforkunnar koma frá rekjanlegum endurnýjanlegum raforkugjöfum sem hefur ekki þegar verið gerð grein fyrir hjá öðru fyrirtæki/stofnun eða í blöndu landsbundinnar meðalraforkuframleiðslu eða sem eru innan við tveggja ára gamlir.
(i47) Notkun vottaðra inneigna fyrir endurnýjanlega orku (já/nei)	

3.8.4. Vatnsnýtni á tjaldstæðum

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að lágmarka vatnsnotkun með uppsetningu á vatnssparandi krönum og sturtum, tímastillum á sturtum, vatnssparandi salernum og salernum með tvöfaldri niðurskolun og vatnslausum þvagskálum.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um öll tjaldstæði. **Lítill fyrirtæki** geta komið þessum bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun í framkvæmd að fullu.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísar og árangursviðmiðun

Umhverfisárangursvísar	Árangursviðmiðun
(i23) Vatnsnotkun á hverja gistinótt (l/gistinótt)	(b71) Heildarvatnsnotkun er ≤ 94 lítrar á hverja gistinótt á fjögurra og fimm stjörnu tjaldstæðum með fullri þjónustu og vatnsnotkun ≤ 58 lítrar á hverja gistinótt á öllum öðrum tjaldstæðum.
(i25) Streymi í sturtum, baðherbergiskrönum, niðurskolun úr þvagskálum og salernum (l/mín eða l/skolun).	

3.8.5. Lágörkun úrgangs frá tjaldstæðum

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að lágmarka myndun afgangsurgangs með því að koma í framkvæmd forvörnum gegn myndun úrgangs með því að leggja til þægilega aðstöðu til flokkunar úrgangs á staðnum og með því að semja við endurvinnsluþjónustu fyrir úrgang.

Gildissvið

Þessar bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun gilda um öll tjaldstæði. Það er minna svigrúm til forvarna gegn myndun úrgangs en í öðrum tegundum gistiaðstöðu þar eð megnið af úrganginum á uppruna sinn í innkaupum gesta. **Lítill fyrirtæki** geta komið þessum bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun í framkvæmd að fullu.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísir og árangursviðmiðun

Umhverfisárangursvísir	Árangursviðmiðun
(i39) Óflokkaður úrgangur sem myndast á hverja gistinótt (kg/gistinótt)	(b72) Afgangsurgangur samtals sem sendur er til förgunar er $\leq 0,2$ kg á hverja gistinótt.

3.8.6. Náttúrulegar

Bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun eru að setja upp náttúrulegar eða breyta laug sem fyrir er í náttúruleg.

Gildissvið

Þessum bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun er hægt að koma í framkvæmd á öllum tjaldstæðum og öðrum tegundum gístaðstöðu (einkum í dreifbýli). **Lítill fyrirtæki** geta komið þessum bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun í framkvæmd að fullu.

Tilheyrandi umhverfisárangursvísir og árangursviðmiðun

Umhverfisárangursvísir	Árangursviðmiðun
(i58) Uppsetning á náttúruleg (já/nei)	(b73) Sundlaug(ar) á staðnum er(u) með náttúruleg síunarkerfi, að stofni til úr plöntum, til að hreinsa vatnið samkvæmt áskildum hreinlætisstaðli.

4. GEIRATENGDIR LYKILUMHVERFISÁRANGURSVÍSAM SEM MÆLT ER MEÐ

Í eftirfarandi töflu er skrá yfir **valda** lykulumhverfisárangursvísa fyrir fyrirtæki/stofnanir í ferðaþjónustugeiranum. Þetta er hlutmengi allra vísanna sem nefndir eru í 3. kafla. Töflunni er skipt í sex hluta; sá fyrsti inniheldur vísa **sem gilda um alla aðila í geiranum (þverlægir)**, og eftirtaldir hlutar eru **hver fyrir einn af helstu aðilunum sem fjallað er um í þessu geiratengda tilvísunarskjali (stjórnendur ákvörðunarstaða, ferðaskipuleggjendur og ferðaskrifstofur, gistaðstaða, veitingahúsa- og hótelhúsi og tjaldstæði)**.

Vísir	Sameiginleg eining	Stutt lýsing	Ráðlögð lágmarksvöktun	Tilheyrandi kjarnavísir samkvæmt IV. viðauka við reglugerð (EB) 1221/2009 (lið C.2)	Árangursviðmiðun og tilheyrandi bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun
ÞVERLÆGT					
